

10. fundur stjórnar Þekkingarsetursins Nýheima

20. nóvember kl. 8:15 - Nýheimum, Höfn í Hornafirði

Mætt:

Ragnhildur Jónsdóttir, formaður stjórnar
Kristín Hermannsdóttir, Náttúrustofnun Suðausturlands
Vala Garðarsdóttir, Hornafjarðarsöfn
Þorvarður Árnason, Háskólasetrið Höfn
Fanney Björg Sveinsdóttir, SASS

Forföll boðuðu:

Árdís Erna Halldórsdóttir, Eyjólfur Guðmundsson og Tinna Björk Arnardóttir

Fundarstjóri: Ragnhildur Jónsdóttir
Fundarritari: Fanney Björg Sveinsdóttir

Dagskrá

1. Farið yfir fundargerð síðasta fundar. Bæta við tilvísun í grein Elliða.

2. Drög að samningi vegna Nýheima frá ráðuneytinu

Rætt um samninginn, fram kom að einhverjum fannst hann vera rosalega ítarlegur, sérstaklega í ljósi þess að stofnskráin er til staðar og er í raun frekar ítarleg.
Lásam í gegnum samninginn og gerðum athugasemdir. Sjá samning með athugasemdum í viðhengi.

3. Önnur mál.

3.1 Ragga sagði okkur frá verkefninu Northern Periphery Programme, samstarfsverkefni um Vöruhúsið. Okkur var boðið að taka þátt í verkefni innan þess sem heitir Creative Momentum og snýst um að búa til virtual skrifstofu. Ragga taldi þetta ekki passa við hugmyndafræði Vöruhússins. En hins vegar gæti Vöruhúsið passað við annað verkefni í þessu „prógrammi“ sem ber heitið „Shed“ og það gengur út á að búa til skapandi miðju í dreifbýli. Ragga nefndi það við Sigríði Elínu hjá Byggðastofnun og ætla þær að skoða það betur. Sjá um verkefni á síðunni www.mycreativeedge.eu.

3.2 Kristín hafði samband við Sveinbjörn og fékk aðgang að síðunni www.nyheimar.is. Kristín lagði til að við myndum safna saman efni og mögulega fá einhvern til að setja efnið inn á síðuna.

Lagt til að gera síðuna óvirka þar sem úreltar upplýsingar af síðunni hafa nú þegar ratað í fjölmiðla nýlega. Eftir áramót verður farið í að laga síðuna og uppfæra.

3.3 Umgengni í kaffistofu niðri. Þarf að laga, Kristín ætlar að senda út póst á liðið.

3.4 Vala ætlar að senda nánari upplýsingar um jólaskreytingadaginn sem haldinn verður í næstu viku.

Fundi slitið kl. 9.30